



Borgarráð

Tillaga um um útfærslu breytinga á reglum um systkinaafslátt með tilliti til skiptrar búsetu barna

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 6. febrúar 2023, var lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknarflokksins og Pírata ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 30. janúar 2023:

Lagt er til með vísan til minnisblaðs sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 30. janúar 2023, að sviðsstjóra verði falið að leggja til við skóla- og frístundaráð breytingar á reglum skóla- og frístundasviðs sem gilda um afslátt vegna systkina svo sem vegna dvalargjalda í leikskóla, frístundaheimilum, sértækum félagsmiðstöðum og fæðisgjalda. Í breytingunni felst að samræma reglur skóla- og frístundasviðs er varða systkinaafslátt með tilliti til skiptrar búsetu barna. Í því felst að heimila systkinaafslátt vegna systkina með sitt hvor lögheimilistengslin vegna skiptrar búsetu þeirra. Er sviðsstjóra falið að meta kostnaðaráhrif breytinganna og skoða hvaða breytingar þurfi að gera á tölvukerfum svo breytingin sé framkvæmanleg.

Greinargerð fylgdi.

Tillagan var samþykkt.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknarflokksins og Pírata lögðu fram svohljóðandi bókun:

Meirihluti Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar telur mikilvægt að foreldrar sem eru með börn með búsetu á tveimur stöðum njóti sömu réttinda gagnvart systkinaafslætti eins og aðrir. Brýnt skref sem felst í því að samræma reglur skóla- og frístundasviðs er varða systkinaafslátt með tilliti til skiptrar búsetu barna og heimila systkinaafslátt vegna systkina með sitt hvor lögheimilistengslin vegna skiptrar búsetu.

Erindinu er hér með vísað til borgarráðs.

Virðingarfyllst,

Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs



TILLAGA

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingar, Framsóknarflokks og Pírata

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknarflokksins og Pírata

Lagt er til með vísan til minnisblaðs sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 30. janúar 2023, að sviðsstjóra verði falið að leggja til við skóla- og frístundaráð breytingar á reglum skóla- og frístundasviðs sem gilda um afslátt vegna systkina svo sem vegna dvalargjalda í leikskóla, frístundaheimilum, sértækum félagsmiðstöðum og fæðisgjalda. Í breytingunni felst að samræma reglur skóla- og frístundasvið er varða systkinaafslátt með tilliti til skiptrar búsetu barna. Í því felst að heimila systkinaafslátt vegna systkina með sitt hvor lögheimilistengslin vegna skiptrar búsetu þeirra. Er sviðsstjóra falið að meta kostnaðaráhrif breytinganna og skoða hvaða breytingar þurfi að gera á tölvukerfum svo breytingin sé framkvæmanleg.

Greinargerð:

Núgildandi reglur skóla- og frístundasviðs varðandi systkinaafslátt eru með þeim hætti að systkinaafsláttur reiknast sjálfkrafa milli barna sem eiga sama lögheimili/fjölskyldunúmer og gildir afslátturinn þvert á þjónustu leikskóla, grunnskóla, og frístundaheimila. Systkinaafsláttur er 100% af dvalargjaldi barna umfram eitt. Systkinaafsláttur af fæði er 100% hjá börnum umfram tvö en foreldrar greiða einungis máltíðagjöld fyrir tvö börn á sama fjölskyldunúmeri, þvert á skólastig, önnur njóta 100% afsláttar.

Kerfi Reykjavíkurborgar gera ekki ráð fyrir að systkinaafsláttur sé veittur í þeim tilvikum þar sem systkini hafa ekki sama lögheimili eða fjölskyldunúmer (nú lögheimilistengsl). Ástæðan þar að baki er sú að lögheimilistengslin eru einu upplýsingarnar sem skóla- og frístundasvið hefur haft sem staðfesta að um sé að ræða systkini. Auk þess gera reglur Reykjavíkurborgar um systkinaafslátt ráð fyrir að öll börnin séu með sama lögheimili í þjóðskrá.

Það er mat skóla- og frístundasviðs að lög nr. 28/2021 sem leiddu til breytinga á lögum um lögheimili og aðsetur nr. 80/2018 og barnalögum nr. 76/2003, varðandi skipta búsetu barna, bindi ekki fyrir að skilyrði fyrir systkinaafslætti sé að systkinin hafi sama lögheimili.

Engu að síður er hér litið til anda lagabreytingar á barnalögum í tengslum við skipta búsetu og hér lagt til að tilgreindu skilyrði vegna systkinaafsláttar verði breytt í þeim tilfellum þegar um er að ræða skipta búsetu.

Markmið skiptrar búsetu er að stuðla að sátt og jafnari stöðu foreldra sem fara sameiginlega með forsjá barns og ákveða að ala það upp saman á tveimur heimilum. Samningur um skipta búsetu skal ávallt taka mið af því sem best hentar hag og þörfum barnsins. Þegar um er að ræða skipta búsetu er skráning heimilis bæði hjá lögheimilisforeldri og hjá búsetuforeldri. Barn á áfram eitt lögheimili en verður skráð í þjóðskrá með búsetu hjá báðum foreldrum. Annað heimilið er lögheimili og hitt nefnist búsetuheimili í þjóðskrá. Foreldrar skulu komast að samkomulagi um hjá hvoru þeirra barn eigi búsetuheimili. Barnið á þó enn aðeins



lögheimilistengsl við þá einstaklinga sem hafa sama lögheimili og barnið sjálft. Samkvæmt lögum um skráningu einstaklinga nr. 140/2019 eru lögheimilistengsl auðkennisnúmer fyrir þá einingu í þjóðskrá sem tilgreinir sameiginlegt lögheimili ákveðins hóps einstaklinga..

Í dag virkar Völukerfin (sem halda utan um þjónustuna) með þeim hætti að það er reiknaður systkinaafsláttur milli barna á sama lögheimili. Nú er verið að breyta Völukerfunum með þeim hætti að ef foreldrar eru búnir að gera samning um skipta búsetu fá báðir foreldrar fullan aðgang að Völukerfunum og leikskóla-appi. Vegna þessarar breytingar þarf að endurskoða ferla í sambandi við útreikning á systkinaafslætti og samspilið milli Völukerfanna og Þjóðskrár.

Tillagan hefur ekki verið kostnaðarmetin en nánari upplýsingar varðandi málið má sjá í minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 30. janúar 2023.



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Systkinaafsláttur, skilyrði um sameiginlegt lögheimili og skipt búseta

Systkinaafsláttur reiknast sjálfkrafa milli barna sem eiga sama lögheimili/fjölskyldunúmer og gildir þvert á þjónustu leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila. Systkinaafsláttur er 100% af dvalargjaldi barna umfram eitt. Systkinaafsláttur af fæði er 100% hjá börnum umfram tvö en foreldrar greiða einungis máltíðagjöld fyrir tvö börn á sama fjölskyldunúmeri, þvert á skólastig, önnur njóta 100% afsláttar, sjá hér: <https://reykjavik.is/matur-i-grunnskolum>

Kerfi Reykjavíkurborgar gerir ekki ráð fyrir að systkinaafsláttur sé veittur í þeim tilvikum þar sem systkini hafa ekki sama lögheimili. Auk þess gera reglur Reykjavíkurborgar um systkinaafslátt ráð fyrir að öll börnin séu með sama lögheimili í þjóðskrá.

Sem dæmi má nefna eftirfarandi ákvæði í reglum Reykjavíkurborgar:

Í reglum um þjónustu frístundaheimila Reykjavíkurborgar kemur fram í ákvæði í 3. og 4. mgr. 6.b að ef systkini, tvö eða fleiri, dvelja á frístundaheimili eða í sértækum félagsmiðstöðvum skóla- og frístundasviðs eða eru í vistun í leikskólum borgarinnar er veittur 100% systkinaafsláttur af dvalargjaldi eldra systkinis/eldri systkina. Í þeim tilvikum er miðað við sama fjölda daga/stunda og hjá yngra/yngrsta barni. Foreldrar skulu alltaf greiða gjald vegna yngsta barns. Það sama gildir ef skóla- og frístundasvið greiðir framlag vegna systkinis/systkina í sjálfstætt reknum leikskóla eða til dagforeldris eða greitt er framlag til sjálfstætt rekens grunnskóla vegna reksturs frístundaheimilis samkvæmt samningi þar um.

Skilyrði fyrir afslætti er að öll börnin séu með sama fjölskyldunúmer/lögheimili í þjóðskrá. Foreldrar greiða fullt gjald fyrir síðdegishressingu allra barnanna og fullt gjald vegna skráningar á langa daga.

Í ákvæði 6.d. í reglum Reykjavíkurborgar um leikskólaþjónustu segir að ef tvö systkini eða fleiri eru í vistun í leikskólum borgarinnar eða skóla- og frístundasvið greiðir framlag vegna dvalar barns hjá dagforeldri eða til sjálfstætt starfandi leikskóla er veittur 100 % afsláttur af námsgjaldi fyrir sama fjölda dvalarstunda yngra/yngrsta barnsins fyrir eldra/eldri systkini sem eru með sama lögheimili og fjölskyldunúmer í þjóðskrá og yngra systkini. Foreldrar skulu alltaf greiða gjald vegna yngsta barns. Foreldrar greiða fullt fæðisgjald fyrir barn sitt. Ef þrjú systkini eða fleiri sem eru með sama lögheimili og fjölskyldunúmer í þjóðskrá eru í vistun í leikskólum borgarinnar, skóla- og frístundasvið greiðir framlag til sjálfstætt starfandi leikskóla, systkini eru í grunnskóla borgarinnar, greitt er framlag vegna þeirra til sjálfstætt rekens grunnskóla á grundvelli samnings þar um, eða eru í frístundaheimili Reykjavíkurborgar eða sértækri félagsmiðstöð borgarinnar greiða foreldrar fæðisgjald fyrir tvö börn. Foreldrar skulu alltaf greiða gjald vegna yngstu barnanna en afsláttur er veittur af gjaldi eldra barns/barna.



Í 3. mgr. 6.b. í reglum um þjónustu félagsmiðstöðva segir: Ef systkini, tvö eða fleiri, dvelja í sértækum félagsmiðstöðvum og/eða í frístundaheimilum skóla- og frístundasviðs eða eru í vistun í leikskólum borgarinnar er veittur 100% afsláttur af dvalargjaldi vegna systkina fyrir sama fjölda daga/stunda og yngra/yingsta barnsins fyrir eldra/eldri systkini sem eru með sama lögheimili og fjölskyldunúmer í þjóðskrá. Foreldrar skulu alltaf greiða gjald vegna yngsta barns. Það sama gildir ef skóla- og frístundasvið greiðir framlag vegna systkinis/systkina í sjálfstætt reknum leikskóla eða til dagforeldris eða greitt er framlag til sjálfstætt rekens grunnskóla vegna reksturs frístundaheimilis samkvæmt samningi þar um. Skilyrði fyrir afslætti er að öll börnin séu með sama fjölskyldunúmer/lögheimili í þjóðskrá. Foreldrar greiða fullt gjald fyrir síðdegishressingu allra barnanna og fullt gjald vegna skráningar á langa daga.

Á grundvelli framangreinds er ljóst að regluverk Reykjavíkurborgar vegna systkinaafsláttar gerir ráð fyrir að réttur til systkinaafsláttar sé bundinn við að systkinin séu með sama lögheimili.

Í dag virkar Valan þannig að það er reiknaður systkinaafsláttur milli barna á sama lögheimili. Nú er verið að breyta Völu þannig að ef foreldrar eru búnir að gera samning um sameiginlega búsetu fá báðir foreldrar fullan aðgang að Völukerfunum og leikskóla-appi. Samfara þeirri breytingu var ekki gert ráð fyrir breytingu á útreikningi systkinaafsláttar. Áfram yrði miðað við þau börn sem eru á sama lögheimili. Ef gera á breytingar á þessu þá þarf að endurskoða ferla í sambandi við útreikning á systkinaafslætti og samspilið milli alla Völukerfa sem halda utan um þjónustuna. Í staðinn fyrir að kerfið leiti einigöngu að börnum á sama lögheimili þarf að leita að börnum þar sem skráð er sameiginleg búseta en það foreldri fær ákveðna merkingu í þjóðskrá.

Samkvæmt upplýsingum skóla- og frístundasviðs er umrædd breyting ekki í vinnslu hjá Advania sem rekur Völukerfin.

Breytingar á barnalögum og lögum um lögheimili um skipta búsetu

Umræddar breytingar á barnalögum, nr. 76/2003, sem gerðar voru með lögum nr. 28/2021 snúa að heimild til að semja um skipta búsetu barns og réttaráhrif þess.

Samkvæmt 3. mgr. 32. gr. barnalaga nr. 76/2003 geta foreldrar sem fara sameiginlega með forsjá barns án þess að búa saman einnig samið um skipta búsetu barns þannig að barnið eigi fasta búsetu hjá þeim báðum. Forsendur þess að semja um skipta búsetu barns eru þær að foreldrar geti komið sér saman um atriði er snúa að umönnun og uppeldi barnsins og að búsetu foreldra sé þannig háttáð að barnið sæki einn skóla eða leikskóla og eigi frjálsan og greiðan aðgang að samfelldu tómstundastarfi og öðrum frístundum frá báðum heimilum. Ef samið er um skipta búsetu barns skulu foreldrar ákveða hjá hvoru þeirra barnið skuli eiga lögheimili og hjá hvoru þeirra barnið skuli eiga búsetuheimili hér á landi.

Þá kemur fram í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 80/2018 um lögheimili og aðsetur að hafi foreldrar samið um skipta búsetu barns samkvæmt ákvæðum barnalaga hefur barnið skráð lögheimili hjá öðru foreldri sínu og skráð búsetuheimili hjá hinu hér á landi. Samningur um skipta búsetu barns fellur úr gildi við flutning annars foreldris úr landi. Þegar um skipta búsetu barns er að ræða samkvæmt ákvæðum barnalaga er hvorki unnt að flytja lögheimili né búsetuheimili barns úr landi.

Samkvæmt greinagerð með frumvarpi með lögum nr. 28/2021 (hér eftir greinagerðin) var samfélagslegt markmið nýrra ákvæða í barnalögum sem heimila skipta búsetu barns að stuðla að sátt og jafnari stöðu þeirra foreldra sem fara sameiginlega með forsjá barns og ákveða að ala það upp saman á tveimur heimilum. Markmiðið með því að lögfesta heimild foreldra til að semja um skipta búsetu barns var fyrst og fremst að breyta innbyrðis réttarstöðu foreldranna á sviði barnalaga, en sá möguleiki var ekki fyrir hendi samkvæmt lögnum fyrir gildistöku laga



nr. 28/2021. Staða lögheimilisforeldris og búsetuforeldris á grundvelli barnalaga varð því sú sama meðan samningur um skipta búsetu er í gildi. Foreldrar sem semja um skipta búsetu barns verða því meðal annars að taka í sameiningu ákvarðanir um flutning lögheimilis og búsetuheimilis barns, val á skóla og tómsundum og um heilbrigðisþjónustu fyrir barnið.

Þá kemur einnig fram í greinagerð með frumvarpi að lögum 28/2021 að skipt búseta foreldra samkvæmt ákvæðum barnalaga hafi því engin almenn áhrif á framkvæmd annarra laga, svo sem laga um margvíslega þjónustu við barn á ólíkum sviðum. Barnið mun eiga eitt lögheimili og mun ýmis þjónusta og samskipti eftir sem áður miðast við lögheimili barnsins.

Þess ber að geta að fram kom í greinagerð með frumvarpinu að Samband íslenskra sveitarfélaga hefði bent á að í ljósi reynslu og þróunar hjá nágrannaþjóðum megi búast við að börnum í skiptri búsetu muni fjölga umtalsvert. Samhliða vaxandi hópi barna í skiptri búsetu megi sjá fyrir sér ríkari kröfur foreldra um að sveitarfélögin jafni aðstöðumun búsetuforeldra og lögheimilisforeldra með tvískiptingu niðurgreiðslna vegna frístunda- og tómsundastyrkja ásamt kröfu um að reikningar vegna þjónustu við barn verði einnig tvískiptir og kostnaði deilt jafnt á báða foreldra í stað þess að lögheimilisforeldri geti eitt sótt um styrki eða móttakið reikning. Slíkt kalli á talsverðar breytingar á tölvukerfum sveitarfélaga frá því sem nú er og leiði af sér talsverðan kostnað.

Jafnframt kom fram í greinagerðinni að undirstrika bæri mikilvægi þess að tekin verði afstaða til þess í sérlögum, öðrum en barnalögum, hvenær og að hvaða marki gert er ráð fyrir beinni og milliliðalausri aðkomu beggja foreldra að framkvæmd ákvarðana um barn. Meta þurfi eðli og vægi ákvörðunar hverju sinni og getur meðal annars þurft að skoða fyrirkomulag samskipta við foreldra, aðgengi þeirra að rafrænum skráninga- og upplýsingakerfum og önnur framkvæmdaatriði eftir atvikum. Í því sambandi er þó undirstöðuatriði að treysta á virk og góð samskipti foreldranna sjálfra. Verði frumvarpið að lögum þurfi að gera margvíslegar kerfisbreytingar hjá hinum ýmsu stofnunum, svo sem hjá Þjóðskrá Íslands. Með hliðsjón af efni þessa frumvarps verður að leggja áherslu á að í þjóðskrá verði skráðar upplýsingar um forsjá, lögheimili og búsetuheimili barns. Einnig þurfi að vera hægt að miðla með skilvirkum hætti nauðsynlegum upplýsingum um hvernig þessum atriðum er háttað. Þá gætu aðrar stofnanir jafnframt þurft að breyta tölvukerfum sínum svo unnt verði að taka við upplýsingum frá Þjóðskrá Íslands og má hér þá t.d. nefna ríkisskattstjóra, sýslumenn, sveitarfélög, skóla og leikskóla.

Á grundvelli framangreinds byggja núgildandi reglur Reykjavíkurborgar um systkinaafslátt á því skilyrði að öll börnin/systkini hafi sama lögheimili. Það er að mat skóla- og frístundasviðs að ný lög nr. 21/2021 um skipta búsetu barna, bindi ekki fyrir að skilyrði fyrir systkinaafslætti sé að systkinin hafi sama lögheimili.

Mat á kostnaði:

Skóla- og frístundasvið hefur sent umsókn til Þjóðskrár Íslands til sérvinnslu til að finna út heildarfjöldu systkina á leik- og grunnskólaaldri í Reykjavík sem eru í skiptri búsetu og fjölda systkina á leik- og grunnskólaaldri í Reykjavík sem eru í skiptri búsetu en ekki með sama lögheimili.

Sérvinnslu Þjóðskrár er ekki lokið en framangreindar tölur verða notaðar til að áætla kostnað af breytingu á reglum en ljóst má vera að breytingin felur í sér kostnaðarauka.

Jafnframt má gera ráð fyrir kostnaði vegna breytinga á kerfum sem halda utan um þjónustuna.